

Sþ.

82. Tillaga til þingsályktunar

um athugun á vegagerð úr steinsteypu yfir Hellisheiði og Svinahraun.

Fhm.: Ingólfur Jónsson, Helgi Jónasson, Jörundur Brynjólfsson, Eiríkur Einarsson, Sveinbjörn Högnason, Jakob Möller, Gísli Sveinsson, Brynjólfur Bjarnason, Sigurður Guðnason, Áki Jakobsson, Bjarni Benediktsson, Sigfús Sigurhjartarson, Einar Olgeirsson, Magnús Jónsson, Pétur Magnússon.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta rannsaka, hvað kosta muni að gera steinsteyptan veg yfir Hellisheiði og Svinahraun.

Jafnframt fari fram athugun á kostnaði við nauðsynlegar breytingar á legu vegarins og gerð á þessari leið með tilliti til flutninga að vetrarlagi.

Greinargerð.

Gagngerðar vegabætur frá Reykjavík til framleiðsluhéraðanna austan fjalls er svo margrætt mál og ágreiningslaust, þótt greint hafi á um aðferðir til þeirra úrbóta, að óþarft má telja að semja greinargerð með tillögu þessari. Hún skýrir sig sjálf, enda munu flutningsmenn gera nána grein fyrir málinu, er tillagan verður rædd.